

Aðalfundur SOS Barnaþorpanna 2025			
Fundardagur og tími:	19.5.2025, 17:06 - 18:04	Fundarstaður:	Hábraut 1a
Pátttakendur:	Félagar með atkvæðisrétt: Jóhannes Hermannsson, Valdís Þóra Gunnarsdóttir, Anna Katrín Rósu Árnadóttir, Þorsteinn Arnórsson, Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Friðrika Jóhanna Sigurgeirsdóttir, Hildur Hörn Daðadóttir, Auður Anna Pedersen, Álfhildur Hallgrímsdóttir, Lucy Winston Jóhansdóttir, Kristján Þ Davíðsson, Anna Bjarney Sigurðardóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Ingibjörg E Garðarsdóttir, Björn F I Sigurbjörnsson og Ólafía Þ Óskarsdóttir. Starfsmenn SOS: Auður Ösp Gylfadóttir, Hans Steinar Bjarnason, Ólöf Harpa Halldórsdóttir og Ragnar Schram. Deloitte: Sigurður M. Jónsson og Anna Þ. Benediktsdóttir.		

Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og -ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
5. Kosning stjórnar og varamanns
6. Kosning endurskoðanda
7. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Önnur mál

1) Fundur settur, kosning fundarstjóra og fundarritara

Kristján Þ. Davíðsson formaður stjórnar SOS Barnaþorpanna setti fund kl. 17:06.

Formaður stjórnar lagði til að hann sjálfur tæki að sér fundarstjórn og var tillagan samþykkt einróma. Þá lagði hann til að Þorsteinn Arnórsson stjórnarmaður SOS Barnaþorpanna sinnti starfi ritara og var það samþykkt einróma.

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bað framkvæmdastjóra að fara yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2024. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði úr starfsemi SOS Barnaþorpanna á liðnu ári og benti jafnframt á ársskýrslu samtakanna sem finna má á sos.is.

Hans Steinar kynningarfulltrúi, kynnti útgáfu ársskýrslu félagsins og helstu atriði í henni og hvatti fundargesti til að kynna sér hana. Árskýrslan er einungis gefin út á rafrænu formi og sækja má hana á heimasíðu samtakanna undir fjármálum.

Ragnar hélt áfram að kynna innihald skýrslu stjórnar fyrir árið 2024.

3) Reikningar lagðir fram til samþykktar

Í fjarveru fjármálastjóra bað fundarstjóri Þorstein Arnórsson stjórnarmann SOS Barnaþorpanna að fara yfir ársreikning 2024 og helstu breytingar milli áranna 2024 og 2023.

Í kjölfarið barst spurning frá fundarmönnum um skammtímaskuld, hvað hún felur í sér. Þorsteinn útskýrði að þessi liður felur í sér t.d. orlofsskuldbindingu og önnur útgjöld sem koma til greiðslu 2025.

Ársreikningur var samþykktur með öllum atkvæðum.

4) Lausn stjórnar og annarra ábyrgða

Kristján Davíðsson (aðalmaður í stjórn) og Svala Ísfeld Ólafsdóttir (varamaður í stjórn) hafa lokið tímabili sínu í stjórn SOS Barnaþorpanna og ganga úr stjórn.

5) Kosning stjórnar og varamanns

Kristján kynnti sig og Svölu til framboðs þar sem ekki hafa komið mótframboð. Samþykkti fundurinn einróma kjör þeirra beggja.

6) Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri upplýsti að stjórn legði til við fundinn að Deloitte yrði áfram endurskoðandi SOS Barnaþorpanna. Var það samþykkt einróma.

7) Ákvörðun um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri fór yfir tillögur að lagabreytingum. Lagt var til að nýrri lagagrein sem fjallar um framkvæmdastjórn yrði bætt við og fengi númerið 9. Þær lagagreinar sem á eftir koma eru óbreyttar að því undanskyldu að þær hækka allar um eitt númer. Þannig verður lagagrein 9 að 10, lagagrein 10 að 11 og lagagrein 11 að 12.

Breytingartillaga, ný lagagrein:

9. Framkvæmdastjórn

9.1 Framkvæmdastjórn skipa formaður stjórnar, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri.

9.2 Framkvæmdastjórn skal hafa yfirsýn með lykilþáttum í starfseminni, styðja við ákvarðanatöku stjórnenda þar sem ekki er gerð krafa um formlega aðkomu stjórnar og undirbúa mál sem leggja á fyrir stjórn.

9.3 Framkvæmdastjórn fundar að jafnaði mánaðarlega.

Breytingartillaga á grein 9: Lagagrein er óbreytt en hækkar um eitt númer og verður því númer 10.

Breytingartillaga á grein 10: Lagagrein er óbreytt en hækkar um eitt númer og verður því númer 11.

Breytingartillaga á grein 11: Lagagrein er óbreytt en hækkar um eitt númer og verður því númer 12.

Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

8) Ákvörðun félagsgjalds

Fundarstjóri upplýsti að stjórn SOS Barnaþorpanna legði til við fundinn að félagsgjald yrði hækkað um 200 krónur og færi þannig úr 2.500 kr. í 2.700 kr. á ári. Var það samþykkt einróma.

9) Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Spurt var um fjölda félagsmanna og upplýst að þeir eru um 160 til 170. (Eftir fundinn var þetta kannað og reyndust þeir 182.)

Spurt var um hverjir eru boðaðir á aðalfund en öllum félagsmönnum er boðið á fundinn en styrkaraðilum er svo boðið að verða félagsmenn.

Spurt var um Grænlandsverkefni og framlögin sem áður höfðu verið eyrnamerkt því. Kristján svaraði og sagði að danskur sjóður hafi boðist til að fjármagna verkefnið að fullu og því ekki þörf á framlagi frá okkur. Við munum þó fylgjast með framgangi verkefnisins, sem unnið er í samstarfi SOS Barnaporpanna í Danmörku og dönsku/grænlenku samtakanna Grønlandske børn. Áður höfðum við eyrnamerkt um 37 milljónir í verkefnið en upphæðin er núna óeyrnamerkt í reikningum félagsins.

Þá var spurt um önnur framtíðarverkefni. Upplýst var að við erum ekki komin svo langt að skoða önnur verkefni en nú þegar eru í gangi. Við reiknum með framlengingum á tveimur verkefnum og því sjáum við ekki fyrir okkur að byrja með ný verkefni á árinu 2026.

Að lokum var einum fundargesti þakkað fyrir að mæta með ljúffengar veitingar á fundinn.

Fundarstjóri óskaði eftir því við fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð og fundargerðin verði send á alla sem mættu á fundinn. Var það samþykkt einróma.

Að lokum þakkaði fundarstjóri öllum fyrir komuna og fyrir að leggja starfi SOS Barnaporpanna lið.

Fleira var ekki gert á fundinum og sleit fundarstjóri fundinum kl. 18:04.